

Rekstrarbati á milli ára þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður

Sjóðsstreymi mun sterkara en á síðasta ári

Afkoma á öðrum ársfjórðungi 2010

- + Heildarvelta var 21,9 milljarðar króna og jókst um 12,2% frá sama tíma í fyrra.
- + EBITDA var 2,1 milljarður króna en var 1,4 milljarðar króna yfir sama tímabil í fyrra.
- + EBITDA-hlutfall var 9,8% en var 7,2% á sama tímabili í fyrra.
- + Afskriftir voru 1,3 milljarðar króna.
- + EBITDAR-hlutfall var 20,3% en var 20,1% á sama tímabili í fyrra.
- + Fjármagnskostnaður var 1,1 milljarður króna samanborið við 1,2 milljarða króna árið áður.
- + Tap eftir skatta var 161 milljón króna en tapið var 1,3 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

Afkoma á fyrstu 6 mánuðum 2010

- + Heildarvelta var 38,2 milljarðar króna og jókst um 14% á milli ára.
- + EBITDA var 2,3 milljarðar króna (6,1%) en var 1,5 milljarðar króna (4,4%) árið á undan.
- + Afskriftir voru 2,6 milljarðar króna sem erhækkun um 220 milljónir frá fyrra ári.
- + EBITDAR-hlutfall var 17,4% en var 17,2% á sama tímabili í fyrra.
- + Fjármagnskostnaður var 1,8 milljarðar króna samanborið við 1,7 milljarða króna á sama tímabili í fyrra.
- + Handbært fé frá rekstri nam 9,4 milljörðum króna samanborið við 5.0 milljarða á fyrstu sex mánuðum árið áður.
- + Handbært fé 30. júní nam 7,5 milljörðum króna, en var 6,2 milljarðar á sama tíma í fyrra.
- + Heildareignir námu 97,8 milljörðum í lok tímabilsins og eiginfjárlutfall var 13,4% í lok tímabilsins, en var 17,8% á sama tíma í fyrra.

Operational Highlights Q2 and 6M (mISK)

| | Q2 2010 | Q2 2009 | 6M 2010 | 6M 2009 |
|-------------------------------------|---------|---------|---------|---------|
| Operating Income | 21,885 | 19,511 | 38,168 | 33,583 |
| EBITDA | 2,149 | 1,407 | 2,327 | 1,465 |
| EBITDA ratio | 9.8% | 7.2% | 6.1% | 4.4% |
| EBIT | 843 | 123 | -320 | -962 |
| EBT | -207 | -1,008 | -2,043 | -2,630 |
| Net loss from continuing operations | -161 | -849 | -1,646 | -2,232 |
| Net loss for the period | -161 | -1,340 | -2,046 | -4,979 |
| EBITDAR | 4,450 | 3,928 | 6,629 | 5,779 |
| EBITDAR ratio | 20.3% | 20.1% | 17.4% | 17.2% |

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri:

„Þrátt fyrir erfið ytri skilyrði jukust heildartekjur félagsins á fyrri hluta ársins umfram framboðs aukningu tímabilsins. Bættur rekstur félagsins endurspeglast í aukningu EBITDA-hagnaðar á fyrri hluta ársins um 862 milljónir króna. EBITDA-hlutfall var 6,1% samanborið við 4,4% fyrstu sex mánuði síðasta árs.“

Eldsumbrot í Eyjafjallajökli höfðu veruleg áhrif á rekstur eins og félagið hefur áður gefið út. Það er mat okkar að neikvæð áhrif takmarkana á flugumferð séu í kringum 1,5 milljarð króna. Við teljum starfsfólk félagsins hafa sýnt fádæma sveigjanleika og áræðni sem sýnir sig best í því að EBITDA hagnaður af

áframhaldandi starfsemi á fyrri hluta ársins er umfram áætlanir þrátt fyrir áhrif gossins. Félagið hefur hækkað EBITDA-spá ársins úr 7,6 milljörðum króna í 8,5 milljarða króna fyrir árið 2010.

Tap félagsins á öðrum ársfjórðungi nam 161 milljón króna en tapið nam 1,3 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi í fyrra. Tap félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins nam tveimur milljörðum króna en tapið nam tæpum fimm milljörðum á sama tímabili í fyrra. Í lok júní var lausafjárstaða félagsins ásættanleg en samstæðan átti um 7,5 milljarða króna í handbæru fé.

Félagið bindur miklar vonir við „Inspired by Iceland“ átakið sem Icelandair og fleiri aðilar í ferðapjónustu hófu í samstarfi við stjórnvöld í upphafi sumars. Átakið verður okkur öflugt vopn í þeirri baráttu að auka straum ferðamanna til landsins á vor og haustmánuðum. Heilt á litið er ég bjartsýnn á framtíðarhorfur félagsins og ferðapjónustunnar í heild. Framundan eru bestu mánuðir ársins í flugrekstri og þjónustu við ferðamenn og félagið væntir þess að uppgjör þriðja ársfjórðungs muni bera þess merki.

Í gær náðist stór áfangi fyrir Icelandair Group. Allt frá því í október 2008 hefur félagið unnið að því að endurskipuleggja efnahagsreikning sinn. Nú hafa náðst samningar við helstu lánardrottna og fjárfesta sem fela það í sér að skuldir félagsins munu lækka, greiðslubyrði þeirra lækka og jafnframt kemur til nýtt eigið fé bæði í formi reiðufjár og með breytingu skulda í eigið fé. Í fyrsta sinn í langan tíma er félagið með heilbrigðan og sterkan efnahagsreikning. Ég tel framtíðarhorfur í starfsemi Icelandair Group góðar.“

Lykiltölur úr rekstri á öðrum ársfjórðungi 2010

Eins og kemur fram í töflunni að neðan var **EBITDA** 2,1 milljarður króna en var 1,4 milljarðar króna á sama tímabili árið á undan. **EBITDA-hlutfall** nam 9,8% á öðrum ársfjórðungi en var 7,2% á sama tímabili á fyrra ári.

EBIT var 843 milljónir króna en var 123 milljónir króna á sama tímabili árið á undan. **Tap** fjórðungsins eftir skatta nam 161 milljón króna, en var 1,3 milljarðar króna á sama tímabili 2009.

Handbært fé frá rekstri nam 9,4 milljörðum króna samanborið við 5.0 milljarða á fyrstu sex mánuðum árið áður.

EBITDAR var 4,5 milljarðar króna samanborið við 3,9 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2009.

EBITDAR-hlutfall var 20,3% á öðrum ársfjórðungi 2010 en var 20,1% á sama tímabili í fyrra.

| Financial Highlights of Q2 2010 and Q2 2009 | | | |
|---|---------------|---------------|------------|
| | Q2 2010 | Q2 2009 | % Chg. |
| Transport revenue..... | 13.314 | 11.631 | 14% |
| Aircraft and aircrew lease..... | 4.875 | 4.409 | 11% |
| Other..... | 3.696 | 3.471 | 6% |
| Operating Income..... | 21.885 | 19.511 | 12% |
| Salaries and related expenses..... | 5.337 | 4.758 | 12% |
| Aircraft fuel..... | 3.973 | 3.568 | 11% |
| Aircraft and aircrew lease..... | 3.091 | 2.971 | 4% |
| Aircraft servicing, handling and comm..... | 1.649 | 1.585 | 4% |
| Aircraft maintenance..... | 1.836 | 1.553 | 18% |
| Other..... | 3.850 | 3.669 | 5% |
| EBITDA..... | 2.149 | 1.407 | 53% |
| EBITDA ratio..... | 9,8% | 7,2% | |
| EBIT..... | 843 | 123 | - |
| EBT from continuing operations..... | -207 | -1.008 | - |
| Net Loss from continuing operations..... | -161 | -849 | - |
| Loss from discontinuing operations..... | 0 | -491 | - |
| Loss for the period..... | -161 | -1.340 | - |
| EBITDAR..... | 4.450 | 3.928 | 13% |
| EBITDAR ratio..... | 20,3% | 20,1% | |

Heildartekjur voru 21,9 milljarðar króna miðað við 19,5 milljarða króna á sama tímabili í fyrra sem er 12% aukning á milli ára.

Heildarkostnaður án afskrifta var 19,7 milljarðar króna en var 18,1 milljarður króna á öðrum ársfjórðungi 2009.

Flutningatekjur jukust um 1,7 milljarða króna milli annars ársfjórðungs 2009 og 2010 eða um 15%.

Tekjur af leiguflugluga jukust um 0,5 milljarða króna eða 11% í samanburði við annan ársfjórðung 2009.

Aðrar tekjur hækkuðu um 0,2 milljarða króna eða um 6% frá öðrum ársfjórðungi 2009.

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkaði um 0,6 milljarða króna eða 12% í samanburði við annan ársfjórðung 2009.

Eldsneytiskostnaður hækkar um 0,4 milljarða króna sem er 11% hækkun frá sama tíma í fyrra. Meðalverð heimsmarkaði á öðrum ársfjórðungi 2009 var USD 497 á tonn en meðalverð á öðrum ársfjórðungi 2010 var USD 704 á tonn, sem jafngildir 42% hækkun.

Flugvéla- og áhafnaleiga jókst um 0,1 milljarð króna á milli ársfjórðunga eða um 4%.

Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld hækkuðu um 63 milljónir króna á milli ára eða um 4%.

Viðhaldskostnaður jókst um 0,3 milljarða króna á milli ára eða um 18%.

Fjármagnsliðir á öðrum ársfjórðungi 2010

Nettó fjármagnsgjöld voru 1,1 milljarður króna á öðrum ársfjórðungi 2010 en voru 1,2 milljarðar króna á sama tímabili í fyrra.

Gengistap var 163 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2010, en gengishagnaður var 86 milljónir króna á sama tíma í fyrra.

| Net Finance Cost (mISK) | | | |
|------------------------------------|---------------|---------------|------------|
| | Q2 2010 | Q2 2009 | Diff. |
| Interest income..... | 83 | 48 | 35 |
| Interest expenses..... | -971 | -1.167 | 196 |
| Currency effect..... | -163 | 86 | -249 |
| Gain from sale of derivatives..... | 0 | -126 | 126 |
| Net finance cost..... | -1.051 | -1.160 | 109 |

Fyrstu sex mánuðir ársins 2010

Að neðan eru dregnir fram helstu þættir úr uppgjöri fyrstu sex mánaða ársins 2010.

EBITDA var 2,3 milljarðar króna en var 1,5 milljarðar króna á sama tímabili árið á undan. **EBITDA-hlutfall** var 6,1% en var 4,4% á sama tímabili í fyrra.

EBIT var neikvæð um 320 milljónir króna en var neikvæð um 962 milljónir króna á sama tímabili árið á undan. **Tap** tímabilsins eftir skatta nam 2,0 milljörðum króna, en var 5,0 milljarðar króna á sama tímabili 2009.

EBITDAR var 6,6 milljarðar króna samanborið við 5,8 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum 2009. **EBITDAR-hlutfall** nam 17,4% á fyrstu sex mánuðum ársins en var 17,2% á sama tímabili 2009.

| Financial Highlights of 6M 2010 and 6M 2009 | | | |
|---|---------------|---------------|------------|
| | 6M 2010 | 6M 2009 | % Chg. |
| Transport revenue..... | 22.016 | 18.763 | 17% |
| Aircraft and aircrew lease..... | 9.719 | 9.064 | 7% |
| Other..... | 6.433 | 5.756 | 12% |
| Operating Income..... | 38.168 | 33.583 | 14% |
| Salaries and related expenses..... | 9.841 | 8.994 | 9% |
| Aircraft fuel..... | 6.644 | 5.549 | 20% |
| Aircraft and aircrew lease..... | 5.941 | 5.649 | 5% |
| Aircraft servicing, handling and comm..... | 2.783 | 2.545 | 9% |
| Aircraft maintenance..... | 3.400 | 2.855 | 19% |
| Other..... | 7.232 | 6.526 | 11% |
| EBITDA..... | 2.327 | 1.465 | 59% |
| EBITDA ratio..... | 6,1% | 4,4% | |
| EBIT..... | -320 | -962 | 67% |
| EBT from continuing operations..... | -2.043 | -2.630 | 22% |
| Net Loss from continuing operations..... | -1.646 | -2.232 | 26% |
| Loss from discontinuing operations..... | -400 | -2.747 | - |
| Loss for the period..... | -2.046 | -4.979 | - |
| EBITDAR..... | 6.629 | 5.779 | 15% |
| EBITDAR ratio..... | 17,4% | 17,2% | |

Efnahagsreikningur

| Balance Sheet (mISK) | 30.6.2010 | 31.12.2009 | Diff. |
|--|---------------|---------------|--------------|
| Operating Assets..... | 30,391 | 27,014 | 3,377 |
| Intangible assets..... | 23,781 | 23,598 | 183 |
| Investment in associates..... | 635 | 545 | 90 |
| Aircraft purchase prepayments..... | 1,179 | 1,134 | 45 |
| Long-term receivables..... | 3,365 | 3,449 | -84 |
| Long-term cost..... | 1,318 | 1,347 | -29 |
| Assets held for sale..... | 12,824 | 17,500 | -4,676 |
| Other assets..... | 16,853 | 12,608 | 4,245 |
| Cash and cash equivalents..... | 7,471 | 1,909 | 5,562 |
| Total assets..... | 97,817 | 89,104 | 8,713 |
| Stockholders equity..... | 13,128 | 14,605 | -1,477 |
| Total non-current liabilities..... | 18,976 | 19,618 | -642 |
| Liabilities held for sale..... | 6,708 | 10,597 | -3,889 |
| Other liabilities..... | 59,005 | 44,284 | 14,721 |
| Total equity and liabilities..... | 97,817 | 89,104 | 8,713 |

Eignir voru 97,8 milljarðar króna í lok annars ársfjórðungs 2010 samanborið við 89,1 milljarð í lok árs 2009.

Eigið fé nam 13 milljörðum króna og eiginfjárhlutfall var 13,4% í lok tímabilsins

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á tímabilinu námu 1,072 milljónum króna.

Nettó vaxtaberandi skuldir námu 34,2 milljörðum króna samanborið við 41,2 milljarða í ársbyrjun.

Sjóðsstreymi

| Statement of Cash Flow (mISK) | 6M 2010 | 6M 2009 |
|--|--------------|--------------|
| Working capital from (used in) operations..... | 1.708 | -749 |
| Net cash from operating activities..... | 9.386 | 5.010 |
| Net cash used in investing activities..... | -2.304 | -1.780 |
| Net cash used in financing activities..... | -1.543 | -1.397 |
| Increase in cash and cash equivalents..... | 5.539 | 1.833 |
| Effect of exchange rate fluctuations on cash held..... | 23 | 287 |
| Cash and cash equivalents at 1 January..... | 1.909 | 4.065 |
| Cash and cash equivalents at 30 June..... | 7.471 | 6.185 |

Veltufé frá rekstri var 1,7 milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum 2010 samanborið við 749 milljón króna veltufé til rekstrar á sama tímabili í fyrra. Sjóðstreymið er mun sterkara á fyrri hluta ársins en á sama tíma í fyrra.

Handbært fé frá rekstri á fyrstu sex mánuðum ársins var 9,4 milljarðar króna en var 5,0 milljarðar króna á sama tímabili 2009.

Handbært fé í lok tímabilsins er 7,5 milljarðar króna en var 6,2 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

Lykiltölur úr rekstri eftir ársfjórðungum

| Financial Highlights by Quarters (mISK) | | | | | |
|--|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| | Q2 2010 | Q1 2010 | Q4 2009 | Q3 2009 | Q2 2009 |
| Transport revenue..... | 13.314 | 8.702 | 9.869 | 18.507 | 11.631 |
| Aircraft and aircrew lease..... | 4.875 | 4.844 | 5.454 | 4.908 | 4.409 |
| Other..... | 3.696 | 2.737 | 2.873 | 5.128 | 3.471 |
| Operating Income..... | 21.885 | 16.283 | 18.196 | 28.543 | 19.511 |
| Salaries and related expenses..... | 5.337 | 4.503 | 4.893 | 4.764 | 4.758 |
| Aircraft fuel..... | 3.973 | 2.671 | 2.816 | 4.885 | 3.568 |
| Aircraft and aircrew lease..... | 3.091 | 2.850 | 3.706 | 3.442 | 2.971 |
| Aircraft servicing, handling and navigation..... | 1.649 | 1.134 | 1.236 | 2.100 | 1.586 |
| Aircraft maintenance..... | 1.836 | 1.564 | 2.100 | 1.870 | 1.553 |
| Other..... | 3.850 | 3.382 | 3.663 | 4.593 | 3.669 |
| EBITDA..... | 2.149 | 178 | -219 | 6.890 | 1.407 |
| EBIT..... | 843 | -1.163 | -2.941 | 5.386 | 123 |
| EBT from continuing operations..... | -207 | -1.836 | -5.833 | 3.995 | -1.008 |
| Net Profit..... | -161 | -1.485 | -5.126 | 3.374 | -849 |
| Profit (Loss) from discontinuing operations..... | 0 | -400 | -4.520 | 586 | -490 |
| Profit/Loss for the period..... | -161 | -1.885 | -9.646 | 3.961 | -1.340 |

Horfur í rekstri Icelandair Group hf.

Það er mat félagsins að eldsumbrotin í Eyjafjallajökli hafi með beinum hætti kostað samstæðuna um 1,5 milljarða króna. Þrátt fyrir það er EBITDA-hagnaður félagsins á fyrri hluta ársins hærri en áætlanir félagsins í upphafi árs gerðu ráð fyrir. EBITDA-spá ársins hefur verið hækkuð úr 7,6 milljörðum króna í 8,5 milljarða króna fyrir árið 2010, sem jafngildir 12% hækkun á áður birtri spá.

Langtímahorfur í rekstri Icelandair Group eru ágætar að mati stjórnenda félagsins.

Það er mat stjórnenda Icelandair Group að fyrirtækið sé vel í stakk búið til að sækja fram á markaði með áherslu á rekstur leiðarkerfis og alhliða þjónustu við ferðamenn.

Endurskoðun

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors annars ársfjórðungs og fyrstu sex mánaða 2010 var samþykktur á stjórnarfundinum þann 13. ágúst 2010. Árslutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins, KPMG Endurskoðun hf.

Helstu atriði á tímabilinu og eftir reikningskiladag

Icelandair Group hf. tilkynnti 14. og 15. júní 2010 að Framtakssjóður Íslands (FSÍ) og Lífeyrissjóður Verzlunarmanna (LV) hefðu gert bindandi samkomulag við félagið þess efnis að sjóðirnir myndu fjárfesta í Icelandair Group hf. fyrir 4 milljarða. Í samkomulaginu skuldbatt FSÍ sig til að leggja fram 3 milljarða króna og eignast þar með 1,2 milljarða nýrra hluta í félaginu. LV skuldbatt sig til að fjárfesta í félaginu fyrir 1 milljarð króna og eignast þar með 400 milljónir nýrra hluta í félaginu.

Samningarnir voru gerðir með eftirfarandi fyrirvörum:

- + Um jákvæða niðurstöðu áreiðanleikakönnunar á Icelandair Group hf.
- + Að Fjármálaeftirlitið (FME) myndi veita Framtakssjóðnum undanþágu frá yfirtökuskyldu á félaginu.
- + Að Icelandair Group hf. myndi safna að minnsta kosti einum milljarði króna að markaðsvirði af nýju hlutafé frá öðrum fagfjárfestum.

Búið er að uppfylla alla ofangreinda fyrirvara og fjárfestar hafa í heild skráð sig fyrir 5,5 milljörðum króna að markaðsvirði í nýju hlutafé sem jafngildir 2,2 milljörðum nýrra hluta í Icelandair Group hf.

Samkomulagið miðar við að stærstu lánveitendur Icelandair Group breyti skuldum að fjárhæð 3,6 milljarðar króna, þannig að þeir munu skrá sig fyrir 720 milljón nýjum hlutum. Heildarhlutafjárhækkun mun þannig nema 2,92 milljörðum nýrra hluta að nafnvirði.

Icelandair Group hf. fyrirhugar að safna u.þ.b. 2,5 milljörðum króna til viðbótar í nýju hlutafé. Tilkynt verður síðar um fyrirkomulag og tímasetningu þess útboðs.

Reiknað er með að sala eigna í tengslum við endurskipulagninguna fari fram á 3. ársfjórungi 2010.

Efnahagsreikningurinn hér á sýnir áhrif endurskipulagningarinnar á efnahagsreikning félagsins 30. júní 2010 miðað við söluverð hlutafjár að fjárhæð 5,5 milljarða króna.

| Balance Sheet (mISK) | 30.6.2010 | After restructuring | Diff. |
|--|---------------|---------------------|----------------|
| Operating Assets..... | 30.391 | 30.444 | 53 |
| Intangible assets..... | 23.781 | 23.176 | -605 |
| Long-term receivables | 3.365 | 1.576 | -1.789 |
| Long-term cost..... | 1.318 | 1.318 | 0 |
| Assets held for sale..... | 12.824 | 0 | -12.824 |
| Other assets..... | 18.667 | 17.950 | -717 |
| Cash and cash equivalents..... | 7.471 | 13.175 | 5.704 |
| Total assets..... | 97.817 | 87.639 | -10.178 |
| Stockholders equity..... | 13.128 | 23.464 | 10.336 |
| Total non-current liabilities..... | 18.976 | 28.573 | 9.597 |
| Liabilities held for sale..... | 6.708 | 0 | -6.708 |
| Other liabilities..... | 59.005 | 35.602 | -23.403 |
| Total equity and liabilities..... | 97.817 | 87.639 | -10.178 |
| Equity ratio..... | 13,4% | 26,8% | |
| Net interest bearing debt..... | 34.237 | 14.418 | -19.819 |

Stærstu hluthafarnir í Icelandair Group hf. þann 12. ágúst 2010

| Hluthafi | Eign í % |
|-----------------------------|----------|
| Íslandsbanki hf. | 46,98% |
| Landsbanki Íslands hf. | 23,83% |
| Sparisjóðabanki Íslands hf. | 9,36% |
| Alnus ehf. | 3,30% |
| Icelandair Group hf. | 2,55% |
| Glitnir banki hf. | 2,09% |
| Sigla ehf. | 2,00% |
| Útboð og samningar ehf. | 1,82% |
| Arkur ehf. | 1,75% |
| N1 hf. | 1,28% |

Fjárhagsdagatal 2010

Uppgjör þriðja ársfjórðungs - Vika 44, 2010.

Uppgjör fjórða ársfjórðungs - Vika 6, 2011.

Frekari upplýsingar veita:

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455.

Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801.